

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 170/2023

2023/EES/87/27

frá 13. júní 2023

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1569 frá 23. júlí 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011 um flokkun aðseturslanda gesta sem nota gístaðstöðu fyrir ferðamenn í tengslum við útgöngu Bretlands úr Sambandinu ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 7c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 1569**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1569 frá 23. júlí 2020 (Stjtið. ESB L 359, 29.10.2020, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1569, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 359, 29.10.2020, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.